



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Nefnda- og greiningasvið
Tjarnargötu 9 (2.h. Smiðju)
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 9. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um 585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun

Samband sveitarfélaga á Austurlandi þakkar tækifærið til að veita umsögn um frumvarpið og vill hvetja stjórnvöld til að vanda til verka við sameiningu þessara stofnana og að breytingarnar verði ekki til þess að veikja þá sérfræðipækningu sem í þeim býr. Stjórnsýslan í fámennari sveitarfélögum, eins og finna má fyrir austan, þarf að geta reitt sig á stofnanir ríkisins og þá þjónustu og sérþekkingu sem þær veita.

Þá vill sambandið taka sérstaklega undir og hvetja ráðuneytið til dáða þegar kemur að því að ná einu af yfirlýstu markmiði lagasetningarinnar þ.e. að „fjölga störfum á landsbyggðinni og störfum óháð staðsetningu með sveigjanlegum starfsstöðvum í kjörnum sem dreifast um landið.“

Í þessu samhengi vill SSA minna á að hlutverk nýrrar stofnunar snýr m.a. vörnum gegn mengun hafs og stranda sem er gríðarlegt hagmunamál fyrir landshluta þar sem áframhaldandi sjálfbær nýting auðlinda er grundvöllur búsetu. Við leggjum því mikla áherslu á að starfsemi nýrrar stofnunar verði öflug í landshlutanum og að opinberum störfum í þessum málaflokki muni fjölga í náinni framtíð á Austurlandi. Svo því sé haldið til haga, og til að setja fjölda opinberra starfa í samhengi, var okkar landshluti í fimmta sæti (af átta) sé horft til höfðatölu hvers landshluta árið 2022. Það er því löngu tímabært að efla umsvif hins opinbera á Austurlandi ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að Austurland leggur mikið til þjóðarbúsins með tæpan fjórðung af verðmæti vöruútflutnings þrátt fyrir að þar búi innan við 3% landsmanna (sjá [nýlega úttekt](#) Analytica á vef Austurbrúar).

Þá hafa Austfirðingar talsverðar væntingar um að endurskipulagning stofnanakerfis hins opinbera á þessu sviði tryggi að markmiðum stjórnvalda um orkuöryggi verði náð. Endurtekin dæmi héðan frá Austurlandi sýna hversu aðkallandi þessi mál eru orðin fyrir landshlutann. Nýlegar fréttir t.d. af lokun sundlauga á Austurlandi vegna rafmagnsskerðinga eru bagalegar fyrir samfélag sem er hreykið af góðri aðstöðu til heilsuræktar og raunar nýtir sér það í markaðssetningu landshlutans sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Þá hafa verið fluttar fréttir af „öfugum orkuskiptum“ í fiskimjölsverksmiðjum á [Norðfirði](#), [Seyðisfirði](#), [Eskifirði](#) og nú síðast á [Hornafirði](#) sem hafa þurft að keyra framleiðslu sína áfram á olíu. Fyrir utan það hversu grafalvarlegt umhverfismál þetta er skerðir þetta jafnframt möguleika okkar öfluga atvinnulífs til að nýta öll möguleg tækifæri til frekari uppbyggingar og verðmætasköpunar.

Við væntum áframhaldandi góðs og náins samstarfs við mótun endanlegs lagafrumvarps.

Virðingarfyllt
f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA